einsogJesús

BETA

Guð skapaði mig til að endurspegla dýrð Hans til endimarka jarðarinnar 04

vissir þú að...

tilgangur lífsins er ekki um okkur!

Við höldum oft að lífið sé um okkur, um áætlanir okkar og drauma. Mér þykir leitt að þurfa að segja þér það en svo er ekki. Sjáðu til, heimurinn var ekki skapaðu til að snúast um okkur, heldur um Jesú. Þannig að tilgangurinn með lífi okkar er alfarið Hann

líf okkar hefur stórkostlegan tilgang...

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur Jesús mótað okkur til að endurspegla lyndiseinkunn sína, sem er dýrð Hans. Þetta er tilgangur lífsins fyrir allar manneskjur. Þinn líka. Svo í hvert skipti sem þú hittir annað fólk hefur Guð mótað þig þannig að fólkið ætti að sjá lyndiseinkunn Hans í þér.

að endurspegla Jesú á að gefa okkur gleði sem heldur áfram að aukast

Eftir því sem þú sérð í sjónvarpinu, í blöðum eða á internetinu halda flestir að það að eignast fullt af peningum eða að verða frægur sé það sem muni gera þá hamingjusama. Það sem Guð langar að við gerum okkur grein fyrir er að hamingja og gleði fæst aðeins þegar við lærum að endurspegla lyndiseinkunn Hans.



Guð mótaði okkur til að endurspegla lyndiseinkunn Hans betur og betur um alla eilífð!

Af því að gleði er afleiðing þess að endurspegla lyndiseinkunn Guðs hefur það alltaf verið tilgangur Guðs með okkur, og tilgangur Hans með öllu sem Hann gerir, að endurspegla lyndiseinkunn Hans. Við munum halda áfram, um alla eilífð, að læra hvernig við getum endurspeglað lyndiseinkunn Hans. Þannig mun gleði okkar eilíflega aukast.

sögulegar staðreyndir

1. Þegar Guð skapaði jörðina okkar, hverjum áttir þú að líkjast? (1. Mósebók 1:26-27)

_____

2. Hvaða áform hafði Guð fyrir þig jafnvel eftir að syndin kom í heiminn? (Rómverjabréfið 6:29)

_____

3. Hvernig gekk Páli að fylgja áformi Guðs eftir fyrir fólkið í Galatíu? (Galatabréfið 4:19)

_____

4. Hvað gerist þegar þú leyfir Guði að vinna að vild í þínu lífi? (2 Korintubréf 3:18)

_____

5. Hver er afleiðing þess að lifa lífi sem endurspeglar lyndiseinkunn Jesús? (1 Pétursbréf 1:8, 9 og Rómverjabréfið 14:17)

_____

hugsum málið

1. Hvers vegna heldur þú að það að endurspegla lyndiseinkunn Jesús sé Guði svona mikilvægt?
2. Er það, að endurspegla lyndiseinkunn Guðs, eitthvað sem þú myndir vilja gera? Af hverju / af hverju ekki?
3. Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að þú gerir það, að endurspegla lyndiseinkunn Jesú, að aðalmarkmiði í þínu lífi? Þetta gæti þýtt að draumar þínir og sambönd þurfi að víkja sem aðalmarkmið í lífi þínu.

Það sem mig langar að muna:

_____

_____

hversu mikið er hægt að vita um lyndiseinkunn Guðs?

Við segjum oft að Guð sé óendanlegur. Þetta þýðir að það eru engin takmörk fyrir stærð Guðs, þar af leiðandi munum við aldrei komast á það stig að geta sagt: „Ég veit allt sem hægt er að vita um Guð". Við skulum reyna að byrja að skilja mikilleika Guðs með því að líta á alheiminn sem Hann hefur skapað.
Vissir þú að sólin er svo stór að milljón jarðir myndu komast fyrir inni í einni sól? En vissir þú að það er til stjarna sem heitir VV Cephei sem er 1600 milljón kílómetra í þvermál? Það þýðir að hún er 1220 sinnum stærri en sólin!
Ímyndaðu þér nú að þykkt þessarar blaðsíðu sé fjarlægðin milli jarðarinnar og sólarinnar – u.þ.b. 150 milljón kílómetrar. Ef við notum þennan mælikvarða þá er vegalengdin til næstu stjörnu sem er 4 og ½ ljósár í burtu, 21 metra hár stafli af blöðum. Ef við notum aftur sama mælikvarða,

þá myndi þvermál Vetrarbrautarinnar, sem er 100.000 ljósár, þurfa 310 metra háan stafla af blöðum.
Hvað með til enda alheimsins? Stafli blaðanna, þar sem þykktin á hverju blaði jafngildir fjarlægðinni frá jörðinni til sólarinnar, þyrfti að vera u.þ.b. 50 milljón kílómetra hár.
Hvað er það sem þessi geimur inniheldur? Gerald Colvin safnaði saman nokkrum athyglisverðum staðreyndum til að reyna að útskýra það. Stjörnuþokan sem við eigum heima í heitir Vetrarbrautin. Nærliggjandi stjörnuþoka, „Magellanic Clouds", er aðeins í 170.000 ljósára fjarlægð, hefur 15 billjón störnur. U.þ.b. 2,2 milljónir ljósára frá okkur er Andrómedu stjörnuþokan, sem er tvisvar sinnum stærri en okkar og hún inniheldur 250 billjónir stjarna. Ennþá lengra frá okkur er stjörnuþoka sem heitir M87, með 750-1000 billjón stjörnur. Þá erum við bara búin að nefna fjórar stjörnuþokur, en Colvin segir að ef Adam hefði byrjað að telja 100 stjörnuþokur á mínútu og væri enn á lífi í dag, þá væri hann ekki búinn að telja. (Adventist Review, 11 janúar, 2007)
Það er stór alheimur! En þetta er bara það sem við þekkjum í dag. Hér er eitt atriði til að hugsa um: ef Guð skapaði svona gríðastóran alheim og ef alheimurinn á að endurspegla mikilleika Hans, þá getum við skilið hvernig það er hægt að læra eitthvað nýtt um lyndiseinkunn Guðs að eilífu. Þar af leiðandi munum við endurspegla betur og betur lyndiseinkunn Guðs, að eilífu!

venjur til að endurspegla Jesú ~ að halda dagbók

Að halda trúarlega dagbók er gagnleg aðferð til að vaxa sem kristinn einstaklingur. Svo sannarlega er það raunin, margir af þekktustu kristnu einstaklingum í gegnum söguna hafa skrifað reglulega um trúarlegan vöxt sinn í gegnum allt sitt líf.

hvað er trúarleg dagók?

Trúarleg dagbók er dagbók þar sem þú skrifar um líf þitt með Guði. Til þess að byrja að skrifa dagbók þarft þú aðeins að hafa bók með auðum blaðsíðum og penna.

Þetta er oft kölluð trúarleg dagbók vegna þess að við erum að skrifa um okkar trúarlíf með Guði. Samt sem áður er þetta kannski ekki góð leið til að lýsa því vegna þess að ALLT líf okkar er um Guð! Við getum ekki aðskilið líf okkar með Guði og allt annað sem við gerum. Svo þegar við skrifum dagbók þá erum við að skrifa um lífið og hvernig Guð er í því með okkur.

Þú getur notað dagbókina þína til að skrifa um:

1. Mikilvægar uppgötvanir sem þú hefur gert í persónulegri Biblíurannsókn, bæn, í kirkju eða á öðrum kristilegum samkomum.
2. Bænarefni og bænasvör Guðs
3. Vandamál og spurningar til Guðs
4. Persónulegar hugsanir og tilfinningar um líf þitt með Guði
5. Hjálplegar tilvitnanir eða Biblíuvers sem þig langar til að muna
6. Hluti sem þú lærir um sjálfa(n) þig, Guð og lífið
7. Árangur og þakkir til Guðs
8. Hvað sem tengist trúarlegum vexti þínum, það er algjörlega þitt að ráða því
9. Kannaðu eitthvað sérstakt atriði í sambandi við þitt persónulega líf með Guði. Eins og til dæmis, hvernig hefur Guð samband við þig?

Það munu koma tímar þegar þú ert kannski ekki alltof viss um hvað þú átt að skrifa. Þegar þetta gerist þá getur þú beðið til Guðs, beðið þess að Heilagur andi hjálpi þér að muna eitthvað sem er mikilvægt fyrir þig að muna og skrifa niður í dagbókina þína.

Það er mjög mikilvægt að það að skrifa í dagbókina sé eitthvað sem þú nýtur að gera og sé gagnlegt. Ef þér finnst það of erfitt þá langar þig að öllum líkindum til að gefast upp fljótt. Hjá sumum kemur það ekki að eðlisfari og er jafnvel ekki auðvelt að skrifa hugmyndir niður á blað, kannski kýstu fremur að hugsa en skrifa en jafnvel þó að það eigi við þig reyndu samt að þrauka í smá tíma. Ef þú lærir að njóta þess að skrifa dagbók mun það vera þér ómetanleg hjálp það sem eftir er ævinnar.

kostir þess að halda dagbók

1. Hún er hvatning þegar þú manst seinna eftir því sem Guð hefur kennt þér
2. Traust á Guði, vegna þess að þú sérð hvernig Hann hefur verið að leiða þig
3. Vaxandi safn af uppgötvunum, textum og tilvitnunum sem munu ekki gleymast
4. Öruggur staður til að kanna tilfinningar þínar og hugsanir sem eru of persónulegar til að deila með öðrum

hvar og hvenær?

Sumir skrifa í dagbækur sínar í lok dagsins. Aðrir skrifa á sama augnabliki og ný hugmynd kemur í kollinn á þeim. Aðrir skrifa reglulega þegar þeir lesa í Biblíunni og á bænastund. Svo þú skalt finna þann tíma sem hentar þér best.

drögum saman

Í „sögulegar staðreyndir" sáum við að það hefur alltaf verið áform Guðs fyrir þig að endurspegla lyndiseinkunn Hans. Jafnvel þó að syndin sé búin að hafa áhrif á okkur öll er Guð að vinna að því að koma aftur á okkur sinni mynd, svo að við getum upplifað gleði.

Í „hugsum málið", varstu hvattur (hvött) til að gera endurspeglun Jesús að aðalmarkmiði lífs þíns, með því að fara eftir forgangsröðun Guðs fyrir þig og fordæmi Páls.

Í „venjur til að endurspegla Jesú" skoðuðum við hvernig væri hægt að halda dagbók sem gagnast sem hjálpargagn til að fylgjast með trúarlegum vexti þínum og sem mun halda áfram að gagnast þér allt þitt líf.

láttu ganga!

Gætir þú kennt þessa lexíu? Að lifa eftir því sem við höfum lært er frábært en að láta það ganga til einhvers annars er jafnvel ennþá betra! Einhver sagði einu sinni, „Þú veist að þú ert búinn að læra eitthvað þegar þú getur kennt ömmu þinni það!" Getur þú það?

tími minn með Guði

1. Hvað finnst þér um þá hugmynd að tilgangur lífsins sé ekki um okkur heldur um Guð?
2. Hvaðan kemur tilgangurinn og af hverju?
3. Upplifir þú gleði í þínu lífi? Hvað er gleði og hvaðan kemur hún?
4. Hvað heldur þú að gerist þegar þú hugsar alls ekkert um tilgang lífsins og einblínir bara á það að njóta lífsins.
5. Heldur þú að Guð hafi góðan tilgang jafnvel þótt að þú gangir í gegnum mikla erfiðleika? (Rm 8.28)
6. Hefur þú ennþá einhverja drauma og markmið sem þú þarft kannski að fórna ef þú ætlar að lifa algjörlega fyrir Guð?
7. Hvernig líst þér á að eyða það sem eftir er af þínu lífi og eilífðinni í það að verða líkari og líkari Jesú?

auka hjálp

1. *It's Not About Me, Max Lucado, Integrity Publishers.*
2. *„Creation", Kafli 2, Patriarchs and Prophets, Ellen White, Pacific Press Publishing Association.*
3. *„Without a Wedding Garment", Christ's Object Lessons, Ellen White, Review and Herald Publishing Association.*

© 2007 by gavin anthony